

## Nefndarálit

um frv. til l. um brottfall laga nr. 14/1942, um lækna ráð.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Einarsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti. Jafnframt hafa nefndinni borist fimm umsagnir um málið.

Margt hefur breyst á þeim 66 árum sem liðin eru frá því að lög um lækna ráð, nr. 14/1942, voru sett. Hlutverk lækna ráðs er að láta dómstólum, ákærvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir um læknisfræðileg efni. Ætla má að ekki séu lengur fyrir hendi þær forsendur sem voru áður fyrir starfsemi lækna ráðs sem helgast aðallega af því að dómstólar hafa nú greiðari aðgang að sérfræðingum en árið 1942. Jafnframt hafa áherslur í málsmeðferð stjórnisýslunnar breyst, sbr. einkum þær breytingar sem urðu á málsmeðferð með gildistöku stjórnisýslulaga, nr. 37/1993.

Verulega hefur dregið úr starfsemi lækna ráðs undanfarin ár þar sem nú er talið eðlilegra að leysa úr ágreiningi um læknisfræðileg álitaefni með aðstoð dómkvaddra matsmanna og sérfróðra meðdómenda. Jafnframt hefur Hæstiréttur Íslands gert athugasemdir við starfsemi lækna ráðs í dómum sínum og afgreiðsla ráðsins hefur í mörgum tilfellum ekki verið talin standast stjórnisýslulög. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 2007 rennir jafnframt stoðum undir það að í dag standist lækna ráð ekki reglur um hæfi. Því telur nefndin að nauðsynlegt sé að fella lög um lækna ráð úr gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Álfheiður Ingadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 2008.

Ásta Möller,  
form., frsm.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Árni Páll Árnason.

Ellert B. Schram.

Pétur H. Blöndal.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þuríður Backman.